



Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 20.8.2025
202508752
14.2

Eftirlit HMS og upplýsingaskylda eigenda almennra íbúða skv. lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Vísað er til samninga Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar við Íbúðalánasjóð og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, áður reglugerð nr. 555/2016.

Fjallað er um eftirlit og upplýsingaskyldu eigenda almennra íbúða í 23. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, sbr. einkum 1.-3. mgr. 23. gr.¹ og 31. gr. reglugerðar nr. 183/2020. Jafnframt er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu eigenda almennra íbúða í samningum HMS um stofnframlög.

Með vísan til framangreinds óskar HMS eftir því að eftirfarandi upplýsingar og gögn verði send stofnuninni:

- Staðfestan ársreikning fyrir 2024, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
- Skýrslu um rekstur þar sem fjallað er um kaup og byggingu almennu íbúðanna, úthlutun þeirra og tekjuviðmið, ákvörðun leigufjárhæðar, notkun og fjármögnun almennu íbúðanna. Almennnt skal miðað við að greinargerðin sé ekki lengri en 2-3 bls. að undanskildum fylgigögnum.
- Gildandi samþykktir, reglur eða upplýsingar/önnur gögn sem stofnframlagshafi telur rétt að leggja fram vegna erindis þessa.
- Upplýsingar um tengilið við HMS vegna stofnframlaga.

Telji HMS þörf á ítarlegri upplýsingum eða gögnum mun stofnunin óska eftir þeim. Í framhaldinu verður boðað til fundar vegna erindis þessa. Nánari upplýsingar veitir undirrituð. Fyrirspurnir og gögn má senda á netfangið: lanaeftirlit@hms.is

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Rósa Pétursdóttir

¹ 23. gr. Eftirlit og upplýsingaskylda eigenda almennra íbúða.

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ hefur eftirlit með húsnæðissjálfsseignarstofnunum, almennum íbúðum í eigu sveitarfélaga og almennum íbúðum í eigu annarra lögaðila samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Eigendur almennra íbúða skulu árlega senda [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ og því sveitarfélagi sem veitt hefur stofnframlög vegna íbúðanna, hafi þau ekki verið endurgreidd, ársreikning sinn, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur, auk skýrslu um rekstur íbúðanna þar sem skal m.a. fjalla um kaup og byggingu almennra íbúða, úthlutun almennra íbúða og ákvörðun leigufjárhæðar. Í kjölfar skilanna skal [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ eiga árlegan fund með hverjum eiganda almennrar íbúðar þar sem fjallað skal um málefni er varða íbúðir í eigu aðilans. Birta skal fundargerð fundarins á vef [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]. ¹⁾

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ getur krafist húsnæðissjálfsseignarstofnanir, sveitarfélög og lögaðila sem fengið hafa stofnframlög um ítarlegri upplýsingar um rekstur viðkomandi íbúða, þ.m.t. bókhaldsgögn. Sveitarfélag getur krafist sömu upplýsinga af húsnæðissjálfsseignarstofnunum og leigufélögum sem það hefur veitt stofnframlag.